

SÓLVEIG ANNA BÓASDÓTTIR, SIGRÍÐUR
GUÐMARSDÓTTIR OG GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Kynjahugmyndir, menning og trúarbrögð

Inngangur að þema

Mildin gerir engan greinarmun.

Hún streymir jafnt til alls,
umvefur kanínu og hauk.

Sjáðu; í járnbalanum
einn nagli, einn rúbínsteinn –
öll himnaríkin og helvítin.

Þau glamra í hjartanu
og verða að samhljómi.¹

„Síðbúin bæn“, kvæði bandaríska skáldsins Jane Hirshfield í þýðingu Gyrðis Elíassonar malar upp mynd af affi mildinnar. Hirshfield er zen búddisti og ljóðið einkennist af áhrifum zen, sem hefur miskunnsemi, innra líf og tengsl við allt sem hrærist að leiðarljósi. Hér eru böndin milli lífvera undirstrikuð, en einnig heimsmyndir hinna ólíku trúarhefða, „öll himnaríkin og helvítin“ sem fyrirfinnast í menningarlegum járnböllum.

Þrjú víðfeðm hugtök vörðuðu veginn að áhugaverðum þemagreinum sem birtast í öðru hefti *Ritid* (2023) að þessu sinni. Það eru hugtökin kynjahugmyndir, menning og trúarbrögð. Samfélög okkar og menning á öllum tímum birta fjölskrúðugar hugmyndir um kynferði (e. *sex*), kyngervi, (e. *gender*) og kynverund (e. *sexuality*), hugmyndir sem við hér köllum einu nafni kynjahugmyndir. Um þær verður ekki fjallað nema tengja trúarlegum hugmyndum en einnig þær eru

¹ Gyrðir Elíasson, *Tunglið braust inn í húsið. Ljóðaþýðingar*, Reykjavík: Uppheimar, 2011, bls. 159.



Ritid

2. töl. 23. árg. 2023 (1-6)

© 2022 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI:10.33112/ritid.23.2.0
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

fjölskrúðugar, hefðbundnar sem og sibreytilegar. Þannig skapast kynjahugmyndir ekki í tómarúmi heldur gerist það í virku samspili við menningu og trúarbrögð.

Menningu (e. *culture*) má skilja á marga vegu og hugtakið hefur á síðustu áratugum verið gríðarlega umdeilt. Fyrri hluti tuttugustu aldar einkenndist af víðum skilgreiningum menningar, sem síðar hafa verið gagnrýndar af mannfræðingum á borð við Clifford Geertz á síðustu áratugum aldarinnar. Geertz benti á að ekki aðeins væri hugtakið umdeilt, heldur líka óstöðugt, hverfult og gildishlaðið.² Mannfræðingurinn Kristín Loftsdóttir hefur fjallað um menningu og trúarbrögð og bent á hvernig menningarhugtakið sé oft notað til að undirskipa minnihlutahópa, og þá ekki síst konur af erlendum uppruna. Kristín gagnrýnir það viðhorf fyrri tíðar mannfræði að rannsaka þurfi menningu annarra (þar með talda trúarbragðamenningu) í því skyni að færa hópinn yfir á þróaðra stig, meðan viðhorf og bakgrunnur meirihlutans sé álitinn æðri, þróaðri, stöðugri og algildari.³ Þess í stað ítrekar hún mikilvægi þess að hver taki til í eigin ranni og kanni hvers konar framandleika og valdvensl menningin bæli, umbreyti og/eða leiti samkomulags um hverju sinni.⁴

Við sem ritstýrum þemagreinum í þessu hefti *Ritsins* erum sammála þeim fræðimönnum sem gagnrýnt hafa hefðbundið og alhæfandi menningarhugtak. Einn þekktasti guðfræðingur tuttugustu aldar, Richard Niebuhr, lagði að jöfnu menningu og heim (e. *world*) og taldi að þeir dómar sem við fellum um heiminn og þá margvíslegu iðju sem þar á sér stað væru dómar um menninguna.⁵ Trúarbragðasiðfræðingurinn Néstor Medina hefur bent á að Niebuhr hafi nálgast menningarhugtakið af opnari huga en margir samtíðarmenn hans. Engu að síður telur Medina mikilvægt að endurskoða hugtök Niebuhrs, vegna þess að menningarhugtakið sé orðið margslungnara en áður. Taka verði tillit til fjölmenningarlegra þátta og hins vegar varast að endurtaka mistök nýlenduhyggunnar. Þegar Medina vísar til „hins menningarlega“ (e. *the cultural*) með þessum hætti, undirstrikar hann að hver manneskja taki þátt í menningu með einum eða öðrum hætti, notist þar við samfélagslega lykla sem erfst hafa milli kynslóða og nýti þá til að skilja sitt nánasta samfélag, umhverfið og það sem hún telur heilagt.⁶

² Clifford Geertz, *Available light. Anthropological Reflections on Philosophical Topics*, Princeton: Princeton University, 2000, bls. 20.

³ Kristín Loftsdóttir, „Menning, trúarbrögð og hefðir. Kynjaðar orðræður um tvo-þriðju hluta heimsins“, *Ritrið Guðfræðistofnunar 18*, 2003, bls. 75–89, hér bls. 85.

⁴ Kristín Loftsdóttir, *Crisis and Coloniality at Europe's Margins. Creating Exotic Iceland*, London: Routledge, 2019, bls. 25.

⁵ H. Richard Niebuhr, *Christ and Culture*, New York: Harper & Row, Publishers, 1951.

⁶ Néstor Medina, *Christianity, Empire and the Spirit. (Re) Configuring Faith and the Cultural*, Leiden, 2018, bls. 221.

Við höfum kallað eftir greinum sem kanna þessar flóknu undirstöður trúarlegrar menningar frá kynjuðu sjónarmiði og frá sjónarhóli ólíkra aðferða. Svo vísað sé til ljóðabýðingar Gyrðis Eliassonar hér í upphafi er ætlunin að horfa um stund í járnbalann, skoða hvers konar tengsl og valdvensl séu á milli kanínunnar og hauksins og hvernig kynhugmyndir naglinn og rúbíninn birta. Hvers konar trúartákn og goðsögulegar ógnir stíga upp af þessum bala, hvers konar gripir, gildi, helgisiðir, listir, siðferði og félagstengsl? Hvernig taka þau breytingum í tímans rás og hvers vegna? Spyrja má hvernig himnaríkin og helvítin séu fram sett í balanum, hvers konar menningu þau marki, hvers konar menningarstraumar hafi mótað þau og hvernig þau séu kynjuð.

Í heftinu birtast fjórar, áhugaverðar þemagreinar þar sem segja má að rýnt sé í balann og hlustað eftir því skrölti sem frá honum kemur. Höfundarnir koma frá mismunandi deildum og sviðum innan Háskóla Íslands og beita þverfaglegum aðferðum við greiningu sína.

Í fyrstu þemagreininni fjallar Sigríður Guðmarsdóttir um sálmafræði en íslenska þjóðkirkjan fékk á síðasta ári nýja sálmafræði með fjölda nýrra sálma. Sálmafræðin er þverfræðileg og tengist þjóðfræði, femínískum- og hinsegin fræðum, svo nokkuð sé nefnt. Það sem fyrrnefnd fræði geta meðal annars veitt inn í sálmafræðina, bendir Sigríður á, er gagnrýni á slagsíðu karllægs myndmáls og orðfæris í sálum og helgisiðum. Þessu efni eru gerð skil í greininni en auk greiningar á sálum er fjallað um nokkur þekkt listaverk Kristínar Gunnlaugsdóttur sem prýða kirkjur, kapellur, safnaðarheimili og fleiri rými hérlendis. Niðurstaða greinarinnar er að sameiginlegan þráð megi finna í hvort tveggja, kirkjulist Kristínar og sálum nýju sálmafræðin. Með öðrum orðum að sterka viðleitni megi finna í þá átt að endurheimta hluta af myndmáli sem tengjast Maríu og móðurlíkama, með listskreytingum sem sýna móðurlíkamann, með því að sækja sálma frá fyrri tímum og bæta við nýjum sálum með móðurþemum. Samtímis þessari niðurstöðu ítrekar höfundur fjölskrúðug kynhlutverk í hinni nýju sálmafræði þjóðkirkjunnar og sama gildir um kirkjulist Kristínar Gunnlaugsdóttur.

Myndin af Maríu guðsmóður er ekki ein og kyrrstæð ef marka má niðurstöður greinar Sigríðar Guðmarsdóttur hér að framan. Svipað á við um Grýlu sem er efni næstu þemagreinar og skrifuð er af Katelin Marit Parsons. Hver er þá Grýla, hvenær kemur fyrirbærið inn í bókmenntir okkar og hvers kyns er það? Höfundur sýnir fram á að grýlukvæðahefðin var af ókunnum orsökum fyrirferðamest á Austurlandi en þar kepptust skáld um að yrkja um komu Grýlu til byggða á seinni hluta 17. aldar og í byrjun þeirrar átjándu. Eina áhugaverðustu lýsinguna á Grýlu telur höfundurinn vera þá sem lýsir fyrirbærinu sem þrihöfða persónu, skessu á mörkum dýrs og manneskju. Þar við bætist að Grýla er „tví-

tóluð“ eða eins og orðið gefur til kynna, með tvenns konar kynfæri. Þessi staðreynd gerir að verkum að hægt er að staðsetja Grýlu á mörkum kynja en jafnframt á mörkum mennskunnar. Höfundur leggur áherslu á að Grýla sé skoðuð á eigin forsendum. Það er áhugaverð niðurstaða, ekki síst í kynjafræðilegu tilliti en samkvæmt höfundi er Grýla eitt skýrasta dæmið sem fyrirfinnst frá árnýöld um veru sem rúmast ekki innan ríkjandi kynjakerfis þess tíma.

Í þriðju þemagreinininni, sem er eftir Aðalheiði Guðmundsdóttur, erum við enn stödd á 17. öld að vissu leyti en í henni er fjallað um *Sögu af fjórum kaupmönnum* sem tilheyrir svokölluðum almúgabókum. Þema sögunnar er þekkt víða í Evrópu en sagan sem var þýdd á íslensku, líklega úr dönsku, á 17. öld fjallar um kaupmenn nokkra sem veðja um trúlyndi eiginkonu eins þeirra. Söguefnið er skoðað í víðu samhengi með áherslu á íslensku þýðinguna og varðveislu hennar. Þema og boðskapur sögunnar er greindur og ljósi varpað á hugmyndir um stöðu kvenna fyrr á öldum. Sögunni svipar til riddarabókmennta miðalda og hugmyndaheimur hennar ber keim af suður og austur Evrópu allt aftur á 15. öld. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að sagan sé dæmisaga og feli í sér félagslega og siðferðilega mótun. Sú mótun snúi að körlum frekar en konum og varði það að þeir leggi bönd á kynferðislegar hvatir sínar gagnvart konum. Konan í sögunni sé dygðug, hvort sem heldur sé sem meykóngur eða í hefðbundnu, kvenlegu hlutverki sínu. Þannig standi kaupmennirnir fjórir fyrir úrelt siðferðileg gildi sem þurfi að breyta en konan, bæði sem klæðskiptingur og eiginkona, sé dygðin uppmáluð.

Fjórða og síðasta þemagreinin er skrifuð af Dagrúnu Ósk Jónsdóttur og fjallar um móðurhlutverkið, kristni og kvenleika í íslenskum þjóðsögum. Höfundur, sem er þjóðfræðingur, beinir sjónum að konum sem fara gegn ríkjandi hugmyndum um barneignir og móðurhlutverkið. Heimildir hennar eru íslenskar þjóðsögur frá níjándu öld og fyrri hluta þeirra tuttugustu en í brennidepli eru giftar konur sem kjósa að eignast ekki börn sem og ógiftar konur sem bera nýfædd börn sín út. Meginspurningin sem leitast er við að svara varðar inntak þjóðsagnanna og hvernig megi tengja það ríkjandi, kristnum hugmyndum um móðurhlutverkið og kvenleikann. Höfundur styðst við aðferðir gagnrýnnar orðræðugreiningar en þar er lögð áhersla á samfélagslegt samhengi sagnanna, markmið, boðskap og tilgang. Sjónum er beint að þremur stærstu þjóðsagnasöfnum hér á landi auk þess að þjóðsagnasafn Torfhildar Hólm er tekið til skoðunar. Mikill munur er á aðstæðum þeirra kvenna sem eru „fjarri hlýju hjónasængur“ og hinna sem eru hamingjusamlega giftar. Þótt nokkur dæmi fyrirfinnist um giftar konur sem vilji forða barneignum er hitt mun algengara, það er að ógiftar konur reyni að

fyrirkoma nýfæddum börnum sínum. Dæmin sem nefnd eru í greininni sýna að vægar er tekið á brotum giftra kvenna en ógiftra í þessum efnum en skýringuna á því telur höfundur vera þá að allar sjái þær að sér að lokum og gangist á ný undir hefðbundið kvenhlutverk sitt. Öðru gegnir um þær ógiftu þar sem illsku þeirra er augljóslega um að kenna. Ógiftum konum var auk þess bannað samkvæmt lögum að stunda kynlíf, allt þar til á 20. öld. Niðurstöður greinarinnar eru á þá lund að kynjuð valdatengsl séu áberandi í þeim sögunum. Karlar annist refsingu kvenna, sem eigimenn, feður, sýslumenn og prestar. Þá sé hlutur kirkjunnar áberandi í þjóðsögunum, sérstaklega þeim sem segja frá konum sem vilja ekki eignast börn. Þeim sem iðrast, einkum eiginkonunum, sé þó oftast fyrirgefið. Þannig séu þjóðsögunar fyrst og fremst varnarsagnir, eða með öðrum orðum, víti til varnaðar sérhverri konu að hún villist ekki út af hinum þrönga vegi dygðarinnar í siðferðismálum.

Að þessu sinni falla fjórar greinar utan þema. Sú fyrsta er eftir Sigrúnu Ölbu Sigurðardóttur og fjallar um Önnu Schiöth og Engel Jensen sem voru framsæknar konur og frumkvöðlar í ljósmyndun á Íslandi. Í greininni varpar Sigrún Alba ljósi á fjölbreytt viðfangsefni Önnu og Engel sem ljósmyndara og skoðar starf þeirra og lífshlaup í samhengi við bæði ljósmyndasögu og atvinnusögu kvenna af borgarastétt. Anna og Engel eru gott dæmi um að konur af borgarastétt gátu farið aðrar leiðir í lífinu en að helga sig heimili, eiginmanni og börnum, þær gátu líka hlúð að eigin starfsframa, þroskað sig í starfi og aflað tekna. Ljósmyndir Önnu eru nokkuð þekktar og hafa birst í ýmsum yfirlitsritum og bókum en verk Engel eru minna þekkt en því er fengur að ljósmyndir eftir þær báðar prýða grein Sigrúnar Ölbu.

Í greininni „Að ástunda heimspekisögu“ fjallar Svavar Hrafn Svavarsson um hugmyndir nokkurra fornaldarheimspekinga um angurleysi og viðbrögð fræðimanna við þessum hugmyndum. Samkvæmt Svavari Hrafninu afhjúpa viðbrögðin viðhorf um hvað eiginleg heimspeki sé eða að minnsta kosti eiginleg fornaldarheimspeki. Viðbrögðin skiptast í tvennt; annað hvort einkennast þau af neikvæðum gildisdómum, því að ekki sé um eiginlega heimspeki að ræða, eða tilraunum til að skýra burt vitnisburðinn, því hann samræmist ekki eiginlegri heimspeki. Eins og greinin leiðir í ljós skekkir hvort tveggja skilning fólks á viðfangsefninu.

Hólmfríður Þóroddsdóttir og Karen Rut Gísladóttir skrifa um áhrif undirbúnings á gæði táknmálstúlkunar. Í grein sinni fjalla þær stöllur um rannsókn sem gerð var meðal íslenskra táknmálstúlka árin 2019–2021 til að skoða áhrif undirbúnings á hugrænt álag túlka og tengsl þess við gæði táknmálstúlkunar í þeim tilgangi að efla gæði túlkunar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós

að undirbúningur bæði eykur skilning túlkanna á umræðuefninu sem túlka á og auðveldar þeim framsetningu túlkunarinnar. Greinarhöfundar telja það því vera hagsmunamál allra túlkanotenda að túlkar fái þann undirbúning sem þeir þurfa til að tryggja gæði túlkunar.

Kristín Svava Tómasdóttir fjallar um „ástandið“ í grein sinni „„Er ekki sama syndin drýgð af báðum aðilum?““ Hún beinir sjónum að málflutningi kvenna í ástandsumræðunni og skoðar birtingarmyndir samstöðu og ágreinings þeirra á milli. Í greininni er einnig kannað hvernig íslenskar konur töluðu um og gagnrýndu tvöfalt siðgæði á fyrri hluta 20. aldar, með sérstakri áherslu á hernámsárin, auk þess sem málflutningur þeirra er settur í alþjóðlegt samhengi. Í því skyni er meðal annars stuðst við skjöl úr fórum kvenréttindakonunnar Laufeyjar Valdimarsdóttur, sem ekki hafa verið nýtt áður, þar sem hún setti fram afdráttarlausu og opinskáa gagnrýni á viðbrögð íslensks samfélags við samskiptum kvenna og hermanna.

Forsíðumyndin sem prýðir *Ritið* að þessu sinni kemur úr smiðju myndlistarkonunnar Kristínar Gunnlaugsdóttur. Myndin á það sameiginlegt með ljóði Hirshfield að tjá mildi og miskunn. Í forsíðumyndinni er konu stílt upp með fléttu og barn sér við arm á norðurslóðum við hlýjan, rauðan himin. Hún gnæfir yfir landslagið, sem aftur er mótað af menningarlegu samhengi sem þar fyrirfinnst. Jafnframt tekur framsetning myndmálsins mið af túlkunarramma og táknum kristindómsins, sem hefur markað vestræna menningu og kynhugmyndir hennar. Hér er fram borinn samhljómur himnaríkja og helvíta glamrandi í hjartanu og aldrei einsleitur eða stöðugur.